



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Íris Stefánsdóttir  
Fjallabyggð  
Gránugötu 24  
580 Siglufirði

föstudagur, 30. apríl 2021  
MÍ202104-0078/ 6.09 / S.G.

## Umsögn Minjastofnunar um deiliskipulagslýsingu fyrir hafnar- og athafnasvæði á Ólafsfirði

Með tölvupósti sendum 15. apríl 2021 óskaði skipulags- og tæknifulltrúi Fjallabyggðar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagslýsingu fyrir hafnar- og athafnasvæði á Ólafsfirði. Skipulagssvæðið tekur til Ólafsfjarðarhafnar og athafnasvæðum henni tengdri. Svæðið er um 11 ha að stærð og afmarkast af gámasvæði við Vesturstíg til vesturs, bryggjukanti og varnargörðum til norðurs, Námuvegi til austurs, Múlavegi, Strandgötu og Ægisgötu til suðurs.

Í 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Fornleifaskráning hefur verið unnin á skipulagssvæðinu (Ágústa Edwald, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson, Sigríður Þorgeirsdóttir, Sædis Gunnarsdóttir og Uggi Ævarsson 2006. Fornleifaskráning í Ólafsfirði. Fornleifastofnun Íslands, FS320-04051) Skráning þessi uppfyllir ekki staðla Minjastofnunar um fornleifaskráningu fyrir deiliskipulag. Uppfæra þarf fornleifaskráningu skipulagssvæðisins til samræmis við gildandi staðla.

Sömuleiðis vantar húsa- og mannvirkjaskráningu fyrir svæðið, sbr. 16. gr laga um menningarminjar og 37. gr. skipulagslaga nr 123/2010, en þar segir „Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstaka byggingar sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.“ Slík húsakönnun fer þá fram óháð aldri þeirra bygginga sem um ræðir og gefst þá minjavörslunni tækifæri til að leggja mat á varðveislugildi yngri húsa og mannvirkja en þeirra sem falla undir umsagnarskyldu samkvæmt lögum um menningarminjar.

Þar sem um blandaða byggð er að ræða, gamalla og nýrri húsa, gerir stofnunin ekki kröfu um að öll hús á reitnum séu skráð samkvæmt ýrtrustu kröfum ásamt varðveislumati. Til þess að minjavarslan geti tekið afstöðu til húsa á svæðinu er farið fram á að hús og mannvirki

Minjavörður Norðurlands  
eystra

Borgum v/Norðurslóð  
600 Akureyri

(354) 570 13 15  
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is  
Kennitala: 440113-0280

**Sædis Gunnarsdóttir**  
Minjavörður Norðurlands  
eystra  
saedis@minjastofnun.is

séu listuð upp, þar sem fram kemur byggingarár (samkv. Þjóðskrá), tegund húsnæðis (notkun), hönnuður (ef vitað er), aðrar upplýsingar (ef þörf er á) auk ljósmyndar og korta. Ef byggingar eru á svæðinu sem falla undir lög um menningarminjar, þ.e. eru friðaðar vegna aldurs (100 ára eða eldri) eða umsagnarskyldar (byggðar árið 1925 eða fyrr) þarf frekari skráningu á þeim ásamt varðveislumati, í samræmi við staðla Minjastofnunar um húsa- og mannvirkjaskráningu.

Skráningu minja skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar um fornleifa- og húsaskráningu og nálgast má á heimasíðu stofnunarinnar, [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Samkvæmt þeim skulu sýnilegar fornleifar innan deiliskipulagssvæðis mældar upp og færðar á kortagrunn og útlínur skráðra fornleifa jafnframt færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Sniðmát fyrir húsa- og mannvirkjaskráningu má nálgast hjá Minjastofnun Íslands og skal vinna húsakönnun í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar um gerð húsakannanna. Nánari upplýsingar um gerð húsakannanna veitir Guðlaug Vilbogadóttir og má senda henni tölvupóst á netfangið [husaskraning@minjastofnun.is](mailto:husaskraning@minjastofnun.is). Til þess að Minjastofnun geti veitt umsögn sína um deiliskipulagið þurfa gögn þessi að liggja fyrir. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest skrána. Ef spurningar vakna má snúa sér til undirritaðs með þær.

Að öðru leyti hefur Minjastofnun Íslands ekki athugasemdir við skipulagslýsinguna eins og hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,



Sædis Gunnarsdóttir  
Minjavörður Norðurlands eystra

*Afrit sent:*  
Skipulagsstofnun